

Sp.

170. Tillaga

til þingsályktunar um skipun lögfræðinganevndar til þess að undirbúa endurbætur á réttarfarslöggjöfnni.

Flm.: Jónas Jónsson, Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nú þegar nefnd þriggja lögfræðinga til þess að hefja þegar í stað undirbúning um gagnrýðar breytingar og endurbætur á réttarfarslöggjöf landsins, í einkamálum og opinberum málum, eftir fullkomnustu erlendum fyrirmyndum.

Kostnaðinn við nefndarstörfnn skal greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Undirbúningur hefir þegar verið hafinn í máli þessu, á þann veg aðallega, að einn af hæstaréttardómurunum var erlendis nokkurn tíma á þessu ári til þess að undirbúa endurskipulag á réttarfari í einkamálum. En með því að telja verður eðlilegt, að mál þetta sé undirbúið sem rækilegast, þannig að fleiri aðilar úr lögfræðingastétt rannsaki úrlausn máls þessa, áður en það kemur fyrir Alþingi, verður að telja nauðsynlegt að skipa nefnd þessa. Jafnframt ber á það að lita, að það er ekki aðeins eðlilegt, heldur hagkvæmt og jafnvel nauðsynlegt að taka bæði atriðin í réttarfarsmálum til athugunar samtímis, enda réttarfarið í opinberum málum ekki síður úreitt en réttarfar í einkamálum.